

Hluthafafundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

19. október 2021

Fundargerð

Þriðjudaginn 19. október 2021 kl. 10:00 var haldinn hluthafafundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Fundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrár fundarins var sbr. eftirfarandi:

- Tillögur og skýrsla stjórnar félagsins vegna hlutfjárlækkunar.
- Önnur mál löglega upp borin.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Guðmundur Örn Gunnarsson, Hildur Árnadóttir, Ingi Jóhann Guðmundsson.

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður félagsins setti fundinn og fundurinn kaus Stefán Orra Ólafsson sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann lögmætan að því búnu enda var til fundarins boðað með löglegum hætti og innan tilskilinna tímafresta. Mætt var fyrir 31 hluthafa sem fara með samtals 77,9 % hlutfjár í félaginu.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Tillögur og skýrsla stjórnar vegna hlutfjárlækkunar

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar um að hlutfé félagsins yrði lækkað um kr. 66.489.362, úr kr. 1.334.106.378 í kr. 1.267.617.016 að nafnverði, með ráðstöfun lækkunarfjárins til hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf., í samræmi við ákvæði 2. töluliðar 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995. Fundarstjóri fór yfir tillöguna, skýrslu stjórnar og hvaða gögn hefðu legið frammi til skoðunar fyrir hluthafa.

Í máli fundarstjóra kom fram að lækkunin skyldi fara fram miðað við gengi á hlutum í félaginu í lok dags 27. september 2021. Þá kom fram að tillagan fæli í sér að greidd yrði af eignum félagsins hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, eða sem svarar kr. 2.500.000.000 í heild og þar með kr. 2.433.510.638 umfram lækkun nafnverðs. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 2.433.510.638, yrði færð til lækkunar á yfirverðsreikningi félagsins.

Fundarstjóri gerði að því búnu frekari grein fyrir rökunum að baki tilögunni. Í stuttu máli kvað hann tilgang hlutfjárlækkunarinnar vera þann að laga fjármagnsskipan félagsins að gjaldþolsviðmiðum stjórnar en gjaldþolslutfallið lægi nú fyrir ofan efri mörk viðmiðanna. Að öðru leyti vísaði fundarstjóri til skýrslu stjórnar sem var á meðal fundargagna. Fundarstjóri kvað stjórn félagsins tilbúna til að svara spurningum fundarmanna um málið en engar spurningar voru bornar upp.

Engar frekari umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Í ljósi niðurstöðunnar gerði fundarstjóri þá tillögu að 4. gr. samþykka félagsins um hlutafé yrði breytt í takt við niðurstöðuna.

Engar frekari umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál löglega upp borin

Að lokum bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls undir liðnum önnur mál en engar frekari umræður urðu á fundinum.

Fundarstjóri lagði þá til að fundarstjóri og fundarritari myndu gagna frá fundargerð og var sú tillaga samþykkt. Fundarmönnum var boðið að lesa yfir fundargerð í lok fundar.


Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 10:10

Fundarstjóri



Stefán Orri Ólafsson

Fundarritari



Ásdís Kjerulf